

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 300/2019

2020/EES/14/28

frá 13. desember 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1850 frá 21. nóvember 2018 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Гроздова ракия от Търговище/Grozдова rakya ot Targovishte“ (GI) ⁽¹⁾).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1871 frá 23. nóvember 2018 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Карнобатска гроздова ракия’/Гроздова ракия от Карнобат’/ ‘Karnobatska grozdova rakya’/‘Grozдова rakya ot Karnobat“ (GI) ⁽²⁾).
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008) í XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 1850:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1850 frá 21. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 1),
- **32018 R 1871:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1871 frá 23. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 306, 30.11.2018, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/1850 og (ESB) 2018/1871, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 306, 30.11.2018, bls. 7.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.